



MAT Á STARFSÁÆTLUN

PATREKSSKÓLI 2021-2022

PATREKSSKÓLI
AÐALSTRÆTI 53
450 Patreksfirði

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Áherslur í skólastarfi 2021-2022	3
Hagnýtar upplýsingar	4
Opnunartími	4
Leikskóladeildin Klif	4
Forföll/leyfi nemenda	4
Skólinn í tölum	5
Mötuneyti og nesti	5
Námsgögn	6
Frístund	6
Skólabókasafn	6
Tómstundastarf og félagslíf	7
Skipulag	7
Nemendur	7
Skóladagatal Patreksskóla	8
Starfsáætlun nemenda	8
Stóra upplestrarkeppnin	9
Íþróttamót	10
Valgreinar	10
Viðmiðunarstundaskrá 2021-2022	11
Foreldraviðtöl	12
Mannauður	12
Stjórnskipulag skólans, skipurit	14
Skólastjóri	14

Kennarar	16
Umsjónarkennarar	16
Náms- og starfsráðgjafi	16
Skólaliðar	17
Stuðningsfulltrúi	18
Húsvörður	18
Starfsþróunaráætlun	18
Áherslur 2021-2022	20
Skólabragur, skólareglur og ástundun	22
Skólaþjónusta	22
Skólaheilsugæsla	23
Nemendaverndarráð/skólaþjónustuteymi	24
Áætlun um sérkennslu	25
Móttaka nemenda með sérþarfir	25
Einstaklingsnámskrá	25
Teymisvinna	25
Skólaþjónusta	26
Áætlanir og stefnur	26
Læsisstefna	26
Rýmingaráætlun	27
Óveður, ófærð	27
Áfengis- og fíknivarnir	28
Eineltisáætlun	32
Móttaka nýrra nemenda	32
Öryggisáætlun	32
Áætlanir og stefnur	32
Viðfangsefni innra mats	33

Inngangur

Hér á eftir fer mat á starfsáætlun skólaársins sem liðið er. Hver kafli er settur fram eins og hann birtist í starfsáætlun skólans í haust. Við lok hvers kafa kemur fram hvernig viðkomandi liður gekk, hvort áætlanir hafi gengið eftir og hvað má gera betur næst. Reitirnir eru litamerktir með grænum, ljósgrænum, gulum og rauðum.

Litur	Lýsing
	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir
	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Ásdís Snót Guðmundsdóttir, skólastjóri.

Patreksskóli, Aðalstræti 53, 450 Patreksfirði

Sími: 450-2320

Skólastjóri: Ásdís Snót Guðmundsdóttir sími 450-2321

Netfang: asdissnot@vesturbyggd.is

Heimasíða: <http://www.patreksskoli.is>

Áherslur í skólastarfi 2021-2022

Patreksskóli er grunnskóli fyrir nemendur frá 5 ára aldri og 1. - 10. bekk en haustið 2019 var leikskóladeild stofnuð við skólann. Lögð er áhersla á heildstæða menntastefnu á milli skólastiga þannig að nemendur geti flust eðlilega á milli leik- og grunnskóla og á milli grunnskóla og framhaldsskóla í samræmi við einstaklingsbundna námsstöðu og þroska.

Helstu áherslur í skólastarfi Patreksskóla eru fjölbreytt og skapandi nám þar sem einstaklingsmiðun er sett á oddinn. Uppbyggingarstefnan, leiðsagnarnám, teymisvinna og kennsla, þróunarverkefnið LÆRVEST og námsvísar byggðir á grunnþáttum menntunar. Samvinna allra í skólasamfélaginu þar sem faglegt lærdómssamfélag og fagleg samstafsmenning er einnig einn af áhersluþáttunum. Nánari útfærslu á fagstarfi, hugmyndafræði, markmiðum og leiðum má sjá í skólanámskrá.

Vel gekk að fara eftir áherslum skólaársins. Mikil gróska var í LÆRVEST ásamt öðrum áherslum. Áherslur næsta árs verða þær sömu en við bætist Nýsköpunarlykilinn.	
---	--

Hagnýtar upplýsingar

Patreksskóli
Aðalstræti 53
450 Patreksfirði
Sími: 450-2320
Netfang: patreksskoli@vesturbyggd.is
Heimasíða: www.patreksskoli.is
Skólastjóri: Ásdís Snót Guðmundsdóttir

Opnunartími

Skólinn er opin frá kl. 7:45-16:00 alla virka daga. Leikskóladeildin Klif er opin frá kl. 7:45-16:15 alla virka daga.

Leikskóladeildin Klif

Leikskóladeildin Klif er starfrækt við Patreksskóla og fylgir starfs- og opnunartíma leikskóla í Vesturbyggð. Deildin opnar kl. 7:45 og lokar 16:15. Áhersla er lögð á samþættingu, samvinnu og blöndunar við 1.-4. bekk eftir því sem við á. Eitt skóladagatal er fyrir Klif og Patreksskóla og námsvísir deildarinnar er að finna hér: [Námsvísir 5 ára barna, Klif.docx](#)

Samvinna Klifs og 1.-2. bekkjar hefði getað verið meiri milli nemenda. Í ljós kom að 1.-2. bekkur var krefjandi hópur og nemendur á Klif mörg. Reynt var eftir fremsta megni að sameina hópana þrátt fyrir að vera ekki með fasta tíma sameiginlega. Samvinna kennara var mjög góð. Námsvísir deildarinnar er í endurskoðun jafnhliða Nýsköpunarlyklinum.	
---	--

Forföll/leyfi nemenda

Forfallatilkynningum er hægt að koma á framfæri í síma 450 2320, á vef Mentor eða með tölvupósti til umsjónarkennara eða skólastjóra.

Leyfi til lengri tíma en 2ja daga þurfa samþykki skólastjórnenda auk umsjónarkennara. Foreldri getur prentað út umsóknarbeiðni af vef Vesturbyggðar: <https://vesturbyggd.is/stjornsysla/utgafa-og-auglysingar/eydublod/> og komið henni til umsjónarkennara sem gefur álit sitt og sendir erindið til skólastjóra. Einnig er hægt að senda beiðnina rafrænt og verður henni komið áleiðis til umsjónarkennara. Öll röskun á námi nemanda sem hlýst af umbeðnu leyfi er á ábyrgð foreldra eða forráðamanna sbr. 15. grein grunnskólalaga frá 2008 sem hljóðar svo:

Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.



Um áherslur í námi: Áherslur og verkefni vísast til upplýsinga á Mentor, Google classroom eða Námsgagnaver Ásgarðs (í samráði við kennara). Kennurum Patreksskóla er ekki skylt að útbúa sérstakar áætlanir eða verkefnapakka fyrir nemendur á meðan á leyfi þeirra stendur enda er nám barnsins þá á ábyrgð foreldra.

Ef óskað er eftir undanþágu frá skyldunámi í námsgrein er sótt um það skriflega til skólustjóra sem leggur umsókn fyrir nemendaverndarráð til umsagnar.

Mikið var um leyfi og forföll nemenda vegna Covid faraldursins og fjölda óveðra.

Skólinn í tölum

- Fjöldi almennra kennslustunda: 132
- Fjöldi stöðugilda í kennslu: 10,7
- Fjöldi stöðugilda í stjórnun: 1
- Kynjahlutföll: Drengir 55%, stúlkur 45%
- Stöðugildi stuðningsfulltrúa: 7
- Stöðugildi skólaliða: 2,5
- Önnur stöðugildi: Húsvörður 0,30



Í næstu starfsáætlun verður ekki gerð grein fyrir kynjahlutföllum.

Mötuneyti og nesti

Nemendur á yngsta og miðstigi borða nesti sitt fyrir eða eftir frímínútur inni í kennslustofum. Unglingastigið borðar nestið sitt á meðan á frímínúturnum stendur. Nesti hafa nemendur með sér að heiman og mælst er til að hollusta sé í fyrirrúmi. Lagt er til að ávextir, grænmeti og vatn sé aðaluppistaðan í því nesti og umbúðir eins og svalafernur og jóгурtplast er ekki æskilegt að koma með.

Hádegismaturinn er keyptur af Vestur ehf. sem kemur með matinn í skólann og geta nemendur verið í áskrift fimm daga vikunnar. Nemendur sem koma með hádegisnesti að heiman hafa aðgang að örbylgjuofni og hraðsuðukatli. Upplýsingar um matseðla er að finna á heimasíðu skólans, www.patreksskoli.is.

Nemendur eiga að temja sér góðar reglur í matsal:

- Ganga hljóðlega um og sýna tillitssemi.
- Snæða við borð sem eru í matsalnum.
- Ganga snyrtilega frá borðum, skila diskum og áhöldum á vagna og henda rusli.

Mötuneytið gekk ágætlega síðast liðinn vetur. Góð samskipti voru á milli vertaka og skólans. Í maí var 69% nemenda skráðir í mötuneytið. Tækifæri felast í því að fjölga nemendum og gera ávöxtum og grænmeti hærra undir höfði.	
--	--

Námsgögn

Öll námsgögn sem nemendur þurfa í skólann eru greidd og sköffuð af sveitarfélaginu. Nemendur þurfa þó að útvega sér viðeigandi íþrótta- og sundfatnað.

Gekk vel eftir. Þurftum að brýna fyrir nemendum að ganga vel um námsgögnin. Nokkur afföll voru á Chrome book tölvunum sökum lélegrar umgengni. Þurfum að finna leiðir til að efla ábyrgðartilfinningu nemenda.	
--	--

Frístund

Frístund er starfrækt við Patreksskóla. Þar býðst nemendum í 1.-4. bekk að dvelja frá skólalokum til kl. 16:00 alla skóladaga. Boðið er upp á síðdegishressingu í frístundinni alla daga. Í frístundinni una nemendur inni og úti við leik og störf undir umsjón starfsmanna. Ákveðin þematengd verkefni eru í gangi flesta daga. Allar almennar hegðunar- og umgengnisreglur skólanna gilda með Uppbyggingarstefnuna að leiðarljósi.

Frístundin er opin alla skóladaga samkvæmt útgefnu skóladagatali. Val er um að hafa nemendur í frístundinni til kl. 15:00 eða 16:00 2-5 daga í viku. Nemendur eru sendir heim að frístund lokinni. Skrá verður nemendur í mánuð í senn en ef dvöl er ekki sagt upp fyrir mánaðarmót er gert ráð fyrir áframhaldandi dvöl. Nemendur fara í Íþróttaskólann og Tónlistarskólann úr frístundinni. Það hefur ekki áhrif á gjaldið. Greiðsluseðlar eru sendir út mánaðarlega. Systkinaafsláttur er samtengdur milli leikskóla, daggæslu og frístundar.

Tilkynna þarf til starfsmanns tilfallandi breytingar á dvalartíma, t.d. ef þau eru að fara annað eftir skóla eða veikindi og leyfi. Skráningu og breytingar á dvalartíma á að tilkynna með tölvupósti á fristundpatro@vesturbyggd.is eða kris@vesturbyggd.is.

Mikil aðsókn var í frístundina í vetur en í maí voru 65% nemenda á yngsta stigi skráð. Í vetur var hlutfallið hærra.	
--	--

Skólabókasafn

Í Patreksskóla er héraðsbókasafnið nýtt sem skólabókasafn og þar starfar bókasafns- og upplýsingafræðingur sem tekur á móti námshópum.

Helstu verkefni skólasafnskennara eru:

- Kennsla og ráðgjöf: Kennsla í heimildanotkun og heimildaskráningu. Kennsla fer fyrst og fremst fram í tengslum við heimildavinnu.
- Safnkynning. Allir nemendur fá sérstaka kynningu á starfsemi safnsins í upphafi skólagöngu sinnar.
- Miðlun og ráðgjöf til kennara: Kynning á starfsemi safnsins s.s. fyrirkomulag útlána, útlánstími, umgengnisreglur.

- Miðlun og ráðgjöf til nemenda: Ráðgjöf og aðstoð við upplýsingaleit í bókum.
- Ráðgjöf til nemenda við val á lestrarefni.
- Útlán og móttaka gagna.

Samstarf við skólabókasafnið gekk afar vel.

Tómstundastarf og félagslíf

Tvær félagsmiðstöðvar eru starfræktar í Vesturbyggð. Félagsmiðstöðin Vest-End á Patreksfirði er til húsa að Aðalstræti 71 A. Félagsmiðstöðvastarfið er ætlað unglingum úr 8.-10. bekk en nemendur í 7. bekk geta mætt einu sinni í viku og á sértaklega auglýsta viðburði.

Í félagsmiðstöðvunum er starfandi félagsmiðstöðvarráð og sitja þrjú unglingar á hverjum tíma. Félagsmiðstöðvarráð hefur það hlutverk að skipuleggja og halda utan um starfsemi félagsmiðstöðvarinnar í samstarfi við forstöðumann.

Samstarf við Íþrótt og tómstundafulltrúann gekk vel, samstarfsfundur var haldinn og fulltrúinn var með fræðslu fyrir unglingana um samskipti.

Skipulag

Nemendur

Fjöldi í árgöngum og umsjónarkennarar 2021-2022

	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
Leikskóladeild	7	5	12	Halldóra Braga Skúladóttir, deildarstjóri.
1. bekkur	5	2	7	Berglind Máisól Víkingur Kristjánsdóttir og Margrét Hólmfríður Magnúsdóttir.
2. bekkur	6	8	14	
3. bekkur	2 (3)	1	3 (4)	Arna Margrét Arnardóttir.
4. bekkur	5	8 (7)	13 (12)	
5. bekkur	8 (9)	1	9 (10)	Bergdís Prastardóttir og Jónína Helga Sigurðardóttir Berg.
6. bekkur	5	2	7	
7. bekkur	6	4 (5)	10 (11)	
8. bekkur	2	4	6	Andrea Sif Sigurðardóttir og Áslaug Helga Traustadóttir
9. bekkur	7	4 (5)	11 (12)	
10. bekkur	2	0	2	
	Drengir: 55 (57)	Stúlkur: 39 (40)	Alls: 94 (97)	

Breyting varð á umsjónarkennara á miðstigi þegar Bergdís Prastardóttir fór í fæðingarorlof. Kristín Brynja Gunnarsdóttir tók við. Breytingar hafa orðið á nemendafjölda þar sem fjölgaði um 3 nemendur.

Skóladagatal Patreksskóla

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar nemenda 180. Á skólaárinu 2021-2022 eru alls sex skertir dagar, en það eru dagar þegar nemendur mæta aðeins hálfan eða hluta úr degi. Þetta eru m.a. skólasetningardagur og skólaslitadagur, auk tveggja foreldraviðtalsdaga, litlu jólin og árs hátíð nemenda. Jólaleyfi nemenda í 1.-10. bekk er frá 18. desember til 2. janúar. Páskaleyfi nemenda í 1.-10. bekk er frá 9. apríl – 18. apríl. Skipulagsdagar eru fimm á skólaárinu og vetrarfrí eru fjórir dagar, 22. og 25. nóvember og 17.-18. febrúar.

[Skóladagatalið er alltaf aðgengilegt á heimasíðu skólans.](#)

Mikil röskun varð á skóladagatali nemenda vegna Covid-19 þar sem nemendum skólans var ítrekað gert að fara í sóttkví og samkomutakmarkanir hömluðu eðlilegu skólahaldi. Til að mynda var ekki hægt að halda litlu jólin þar sem skólanum var lokað.	
---	--

Starfsáætlun nemenda

Dags.		
23. ágúst	Skólasetning Skólasetning fer fram í skólanum, utandyra ef veður leyfir, að foreldrum viðstöddum. Að loknu ávarpi skólastjóra fer hver nemendahópur með sínum umsjónarkennara í heimastofu.	
10. september	Skipulagsdagur	
14. október	Íþróttadagur unglíngastígs Nemendur á unglíngastigi í Bíldudalsskóla, Tálknafjarðarskóla, og Patreksskóla eyða deginum saman í íþróttaleikjum og skemmtun. Íþróttadagurinn er haldinn á Bíldudal.	
19.-21. október	Dansnámskeið Jón Pétur Úlfjótsson kennir hópum grunnatriði í dansi.	
22. og 25. október	Vetrarfrí	
8. nóvember	Baráttudagur gegn einelti Viðburður eða táknað atburður sem hvetur til jákvæðra samskipta og efla vináttu og deila myndum á samfélagsmiðlum með myllumerkinu #dagur gegn einelti Mætti bæta í þennan viðburð.	
8.-12. nóvember	Vinavika Allir árgangar taka þátt í dagskrá sem ætlað er að stuðla að jákvæðum samskiptum og uppbyggilegum skólabrag. Endurskoða hvort við höldum þessu inni.	
12. nóvember	Foreldraviðtöl Foreldraviðtölin eru nemendastýrð.	
16. nóvember	Dagur íslenskrar tungu Allir árgangar vinna verkefni í tengslum við daginn.	
22. nóvember	Starfsdagur	
17. desember	Litlu jólin	

	Jólaballinu er skipt milli stiga, yngsta stig byrjar á jólaballi og endar á samverustund og mið- og unglíngastig byrjar á samverustund og endar á jólaballi. Nemendur hafa með sér smákökur eða sætt nesti, boðið er uppá heitt súkkulaði, nemendur skiptast á gjöfum og lesa jólakort. Ekki hægt að halda vegna Covid-19, skólinn lokaður fyrir utan leikskóladeildina sem hélt uppá litlu jólin.	
6. janúar	Prettándagleði Yngsta stig hélt prettándagleði.	
31. janúar	Starfsdagur	
17.-18. febrúar	Vetrarfrí	
25. febrúar	Foreldraviðtöl Foreldraviðtölin eru nemendastýrð	
2. mars	Öskudagsgleði Hefðbundin kennsla er til kl. 10, en þá fer fram dagskrá með leikjum, dansi og „kötturinn er sleginn úr tunnunni“. Að því loknu heimsækja nemendur og kennarar fyrirtæki og stofnanir þar sem sungið er í skiptum fyrir sælgæti.	
7. mars	Starfsdagur	
8.-11. mars	Danskennsla Seinni hluti danskennslunnar hjá Jóni Pétri Úlfjótssyni.	
14. mars	Dagur stærðfræðinnar Unglíngastig hélt þennan dag. Endurskoða hvort við höldum þessum inni.	
25. mars	Árshátíð Dagana fyrir árshátíðina eru æfingar, bæði í skólanum og FHP. Árshátíðardaginn er generalprufa að morgni, síðan æfa efstu bekkir aðeins eftir hádegi. Hefð er fyrir því að boðið upp á kaffi og kökur sem nemendur í 10. bekk og foreldrar þeirra sjá um. Allir nemendur í 7.-10. bekk leggja til kökur. Foreldrafélagið sá um veitingar og fengu þ.a.l. allan ágóðann.	
25. apríl	Dagur umhverfisins Árgangar fara um skólalóð og næsta nágrenni skólans, tína upp rusl og taka til hendinni með fjölbreyttum hætti. Var gert en ekki á þessum tiltekna degi.	
2. maí	Starfsdagur	
1. júní	Nemenda og foreldradagurinn	
30. - 3. júní	Vorleikar Nemendur taka þátt í fjölbreyttri dagskrá þar sem lögð er áhersla á útivist og náttúruvernd.	
7. júní	Skólaslit Skólaslit nemenda fara fram í Félagsheimili Patreksfjarðar. Þar fer fram hátíðardagskrá.	

Stóra upplestrarkeppnin

Á degi íslenskrar tungu hefst undirbúningur stóru upplestrarkeppninnar hjá nemendum í 7. bekk. Um vorið fer svo sjálf keppnin fram og sjá grunnskólarnir í Vesturbyggð og Tálknafirði um hana til skiptis. Nemendur fá texta til að æfa sig undir stjórn umsjónarkennara. Síðan eru þeir bestu valdir til að keppa fyrir hönd skólans. Dómarar koma frá Reykjavík og veitt eru verðlaun frá verkefninu. Kennarar vinningshafa fá viðurkenningarskjal. Foreldrafélagið sér um kaffiveitingar og gefur fyrstu verðlaun. Fulltrúi fjölskyldusviðs skipuleggur viðburðinn.

Undankeppni eða litla upplestrarkeppnin fór fram í Patreksskóla og gekk afar vel. Umsjón með verkefninu var í höndum Jónínu Helgu Sigurðardóttur. Stóra upplestrar keppnin var haldin í HFP

undir stjórn og skipulagningu Íþróttá og tómstundafulltrúa Vesturbyggðar. Dómarar komu ekki frá Reykjavík þar sem Raddir eru hætt að halda keppnina. Foreldrafélagið kom ekki að veitingum og Lions á Patreksfirði styrkti verðlaun. Patrekskóli hreppti 2. sæti.

Íþróttamót

Sameiginleg íþróttamót eru haldin fyrir nemendur í grunnskólum Vesturbyggðar og Tálknafirði. Mótin eru haldin til skiptis á stöðunum og farið í rútu á milli. Íþróttamót fyrir 8.-10.bekk eru haldin að hausti og fyrir nemendur í 5.-7.bekk að vori. Nemendum er blandað í lið óháð skóla. Ekki er önnur kennsla hjá viðkomandi nemendum þennan dag en kennarar taka þátt í vinnu við mótin. Íþróttakennarar skipuleggja.

Bæði mótin voru haldin á Bíldudal og tókst mjög vel. Næstu mót verða haldin á Tálknafirði, 2022-2023.

Valgreinar

Valtímar eru 7 kennslustundir á viku og eru nemendur beðnir um að velja í 1. eða 2. sæti eftir áhuga. Gert er ráð fyrir því að nemandi skoði valgreinarnar með foreldrum/forráðamönnum sem þurfa svo að skrifa undir umsóknina. Þátt fyrir að valgreinar gefi nemanda meira val um nám sitt eru gerðar sömu kröfur til hans í valgreinum og öðrum greinum. Í lok námskeiðsins kynna nemendur valgreinar sína fyrir samnemendum. Valið er tvískipt, námskeið sem ná yfir alla haustönnina og svo tvær styttri lotur sem eru sex vikna langar. Nemandi velur sér að minnsta kosti tvö löng námskeið og styttri lotur þar til sjö stundum er náð. Eftir sex vikur velja nemendur aftur.

Valgreinar yfir alla önnina:

Tímafjöldi á viku	Námsgrein
2 tími	Spilaval
1 tími	Bók og bío
1 tímar	Skólahljómsveit
1 tímar	Tölvuleikjahönnun
2 tími	Frístund
2 tími	Smíði
1 tími	Viðburðarstjórn
2 tímar	Leikskóli
1-2 tímar	Tónlistarskólinn
1-2 tímar	Íþróttir hjá Herði eða HHF

Valgreinar í 6 vikna lotum:

Tímafjöldi á viku	Námsgrein
2 tímar	Áhugasviðsverkefni – Kistillinn.
2 tímar	Forritun
2 tími	Stuttmyndagerð
1 tími	Macrame hnýtingar
1 tími	Podcast
2 tímar	Tónlistarmyndband

2 tímar	Förðun
2 tímar	Útivist
1 tími	Að stofna fyrirtæki
1 tími	Yndislitun
2 tímar	Fréttir úr skólastarfi
2 tímar	Vinnustaður – Vestur Restaurant
2 tímar	Vinnustaður – Smur og dekk
2 tímar	Vinnustaður – Vélsmiðjan Logi
2 tímar	Vinnustaður - Fjölval
2 tímar	Vinnustaður – Patreksskóli
2 tímar	Vinnustaður - Selið
2 tímar	Vinnustaður – Arctic fish
2 tímar	Vinnustaður - Eimskip
2 tímar	Vinnustaður - Oddi
2 tímar	Vinnustaður - Araklettur

Val utan skóla: Heimilt er samkvæmt Aðalnámskrá að fella niður allt að 4 tíma, 160 mínútur úr vali vegna þátttöku nemenda í skipulögðu tómstunda- og æskulýðsstarfi óski nemendur og foreldrar eftir því. Foreldrar bera alfarið ábyrgð á því að nemendur stundi slíkt og skili staðfestingu óski skólinn eftir því. Að hausti þarf að skila staðfestingu á að nemandinn leggi stund á starf sem meta má og síðar á skólaárinu er kallað eftir upplýsingum um frammistöðu og ástundun nemenda í metna valinu.

Þegar nemandi velur sér námsgreinar eru þeir beðnir um að hafa eftirfarandi í huga:

- framtíðaráform
- áhugasvið
- styrkleika

Ef nemendur þurfa einhverra hluta vegna að skipta um valgrein þegar liðið er á skólaárið skal óska eftir því við skólustjóra og það er þá gert í samráði við foreldra. Þó nemendur velji sér greinar er nám í valgreinum ekki frábrugðið námi í öðrum greinum. Gerðar eru kröfur til nemenda í samræmi við aldur þeirra og hæfni eins og í öðrum greinum. Valið er í samráði við foreldra, þegar nemandinn er búin/nn að velja skrifa foreldrar undir valið.

Valgreinarnar gengu ágætlegt þrátt fyrir að samkomutakmarkanir og sóttvarnir settu mark á starfið. Tækifæri til sóknar er að halda betur utan um skráningar, þ.e. hverjir eru í hvaða vali og mætingu. Þá þarf einnig að huga að námsáætlunum. Vinnustaðanáam var mjög vinsælt.	
---	--

Viðmiðunarstundaskrá 2021-2022

Í stundatöflu Patreksskóla eru kennslustundir ýmist 40 eða 60 mínútur. Fyrsta kennslustund hefst kl. 8:10 og síðustu kennslustundum er lokið kl. 15:30. Hádegishlé er 30 mínútur og hefst kl. 11:30 hjá yngsta stigi og kl. 12:05 hjá nemendum á mið- og unglíngastigi. Á morgnana eru tvennar frímínútur, kl. 9:10-9:30 og 10:30-10:45 á yngsta stigi en kl. 9:30 -9:50 og kl. 10:50-11:05 á mið- og unglíngastigi. Eftir hádegi er hlé kl. 13:55-14:05. 1.-7. bekkur eru úti í frímínútum en 8.-10. bekkur getur valið að vera inni.

Á yngsta- og miðstigi eru námsgreinar samþættar, morgunstud er íslenska, talnastund er stærðfræði og lota er samþætting samfélags-, náttúru-, valgreina og upplýsinga og tæknimennt. Lögð er sérstök áhersla á íslensku og stærðfræði.

Námsgreinar námssvið	1.-4. b. mín á viku	Hlutfall vikulegs kennslutíma	5.-7. b. mín á viku	Hlutfall vikulegs kennslutíma	8-10. b. mín á viku	Hlutfall vikulegs kennslutíma
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1200	25%	660	15,7%	660	15%
Erlend tungumál	0	0	600	14,3%	660	15%
List og verkgreinar	480	10%	780	18,6%	600	13,5%
Náttúrugreinar	720	15%	420	10%	360	8%
Skólaíþróttir	480	10%	360	8,6%	360	8%
Samfélagsgreinar	720	15%	480	11,4%	360	8%
Stærðfræði	1200	25%	660	15,7%	600	13,5%
Upplýsinga- og tæknimennt ¹	0	0	0	0	0	
Til ráðstöfunar /val	0	0	240	5,7%	840	19%
Samtals	4800	100%	4200	100%	4440	100%

Mikil samþætting námsgreina var mjög mikil í ár og við stefnum að því að samþætta enn meira næsta skólaár.

Foreldraviðtöl

Einu sinni á önn eru stöðumatsfundir með foreldrum og nemendum. Á þeim fundum er farið yfir stöðu nemandans í formi leiðsagnarmats og vaxtarhugarfars. Gert er ráð fyrir að foreldraviðtölin séu nemendastýrð en þá undirbúa nemendur og stýra viðtalinu sjálfir í samráði við umsjónarkennara. Viðtölin fara fram á skólatíma.

Haustfundur er haldinn með foreldrum fljótlega eftir að skóli byrjar eða í september. Þá eru hæfniviðmiðin og námsloturnar kynntar ásamt áherslupáttum skólaársins. Á föstudögum eru rafræn fréttabréf send til foreldra með helstu viðburðum líðandi viku. Allir kennarar eru með fasta viðtalstíma og eru foreldrar hvattir til að hafa samband hvort sem er í síma eða tölvupósti.

Allt gekk eftir.

Mannauður

Við skólann starfa alls 29 starfsmenn, skólastjóri, kennarar, leiðbeinendur, stuðningsfulltrúar, skólaliðar og húsvörður. Eftirtaldir starfsmenn starfa í Patreksskóla skólaárið 2021-2022:

Nafn	Starfsheiti
Agnieszka Krupa Stankiewicz	Stuðningsfulltrúi og skólaliði

¹ Samþætt með öðrum námsgreinum

Andrea Sif Sigurðardóttir	Umsjónarkennari á unglíngastigi
Arna Margrét Arnardóttir	Umsjónarkennari á yngsta stigi
Arnheiður Breiðfjörð Gísladóttir	Stuðningsfulltrúi og frístund
Arzu Khalilova	Leikskólastarfsmaður á Klifi
Ásdís Snót Guðmundsdóttir	Skólaláti
Áslaug Traustadóttir	Umsjónarkennari á unglíngastigi
Ásthildur Elísa Ágústsdóttir	Leikskólastarfsmaður á Klifi
Bergdís Þrastardóttir	Umsjónarkennari á miðstigi
Berglind Másól Víkingur Kristjánadóttir	Umsjónarkennari á yngsta stigi
Bjarnveig Ásta Guðjónsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Einar Vignir Skarphéðinsson	List- og verkgreinakenari
Elisebete C.P.C.G. Carinhas	Skólaláti
Eyrún Lind Árnadóttir	Skólaípróttakennari
Halldóra Braga Skúladóttir	Deildarstjóri leikskóladeildarinnar Klifs
Helga Gísladóttir	Sérkennari
Hulda Hjördis Gísladóttir	Stuðningsfulltrúi
Ilona Dobosz	Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístund
Jónína Helga Sigurðardóttir	Umsjónarkennari á miðstigi
Kris Bay	Yfirumsjón með frístund og ráðgjafi nemendamála
Margrét Hólmfríður Magnúsdóttir	Umsjónarkennari á yngsta stigi
María Ósk Óskarsdóttir	Kennari, umsjón með snillismiðjum
Marta Parzych	Skólaláti
Valgerður Guðbjörg Gestsdóttir	List- og verkgreinar


Trúnaðarmaður kennara: Áslaug Traustadóttir

Öryggisfulltrúi: Einar Skarphéðinsson

Fulltrúi kennara í fræðslunefnd: Áslaug Traustadóttir

Óverulegar breytingar voru í starfsmannahópnum m.a. vegna fæðingarorlofs starfsmanna. Elisebete C.P.C.G. Carinhas hætti sem skólaláti og Marzena Matiz var ráðin í hennar stað. Arnheiður Breiðfjörð Gísladóttir hætti á áramótum og Bergdís Þrastardóttir fór í fæðingarorlof og Kristín Brynja Gunnarsdóttir tók við hennar starfi.

Stjórnskipulag skólans, skipurit



Gekk eftir. Samþykkt var í fjárhagsáætlun að ráða deildarstjóra 1 í grunnskóla og deildarstjóra 1 í stoðþjónustuna. Skipuritið mun því breytast næsta skólaár.

Skólastjóri

Næsti yfirmaður skólastjóra er sviðsstjóri fjölskyldusviðs. Skólastjóri stýrir og ber ábyrgð á rekstri skólans og veitir skólanum faglega forystu.

Helstu verkefni:

Skólastjóri Patreksskóla ber ábyrgð á starfsemi skólans og þar með talið leikskóladeild og frístund.

Frumkvæðisábyrgð í eftirtöldum málaflokkum / verkefnum:

- Ber ábyrgð á starfsemi skólaráðs sem er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans sem varðar stefnumótun, skólahlald og skólaþróun.
- Ber ábyrgð á stofnun foreldrafélags og vinnur með því í samræmi við lög.
- Hefur samskipti og samráð við starfsmenn fræðslufirvalda vegna ýmiss konar mála, s.s. málefna einstakra nemenda, starfsmannamála, þróunarstarfs, húsnæðismála og fjármála.
- Skila skýrslum, samantektum og upplýsingum um skólastarfið til fræðslufirvalda og Hagstofu, s.s. skólanámskrám, starfsáætlunum, vor- og haustskýrslum og margs konar greinargerðum um ýmsa þætti skólastarfs eftir óskum fræðslufirvalda og í samræmi við lög og reglugerðir.

Verkefnaábyrgð/fagleg ábyrgð

- Hefur forystu um að móta sýn, stefnu og menningu skólans í samræmi við lög og reglugerðir og út frá stefnu fræðslufirvalda.
- Vinnur með fræðslufirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku.
- Ber ábyrgð á að starfsáætlun og skólanámskrá séu í samræmi við lög og reglugerðir og að þær séu endurskoðaðar reglulega.
- Fylgjast með innleiðingu og framkvæmd hvað varðar:
 - nám og námsárangur nemenda

- kennslu, kennsluhætti og námsmat
- sérúrræði eða stoðþjónustu um nám og/eða atferli nemenda
- skimanir og kannanir á námsárangri og líðan nemenda
- að farið sé eftir þeim áætlum og verklagsreglum sem settar hafa verið, s.s. starfsmannastefnu, eineltisáætlun, jafnréttisáætlun, símenntunaráætlun, skólareglum o.fl.
- Ber ábyrgð og hefur forgöngu um innra mat skólans, sjálfsmatsáætlun og leggur fram markvissar þróunar- og eða umbótaáætlanir í kjölfar bæði innra og ytra mats og fylgja þeim eftir.
- Ber ábyrgð á að upplýsingagjöf um starf skólans sé aðgengileg nemendum, starfsmönnum, foreldrum, nærsamfélagi, sveitarstjórn og fræðsluyfirvöldum.
- Skipuleggur samfelldan og heildstæðan skóladag nemenda í samræmi við lög og reglugerðir með skóladagatali, starfsáætlunum og stundaskrá.

Starfsmannaábyrgð/ábyrgð á fólki

- Gætir að hagsmunum nemenda, hafa menntun og velferð þeirra að leiðarljósi í skólastarfi ásamt því að stuðla að námslegum framförum þeirra og árangri í námi.
- Ber ábyrgð á að meta stöðu nemenda í ljósi hæfniviðmiða í aðalnámskrá.
- Leggur áherslu á gæði náms og kennslu fyrir alla nemendur.
- Hefur umsjón með innritun og móttöku nýrra nemenda í samræmi við móttökuáætlun.
- Veitir markvissa kennslufræðilega leiðsögn og endurgjöf til starfsmanna.
- Hefur frumkvæði á og hvetja starfsmenn til að efla sig og auka við þekkingu sem nýtist í starfi.
- Ber ábyrgð á og hefur umsjón með að starfspróun starfsmanna og símenntunaráætlun tengist þróunar- og umbótastarfi innan skólans, hún sé í samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrá.
- Ber ábyrgð á að skipuleggja og framkvæma starfspróunarsamtöl.
- Annast ráðningar starfsmanna. Gætir þess við ráðningar að starfsmaður uppfylli lögbundnar kröfur um menntun og hafi til að bera þá þekkingu og/eða reynslu sem krafist er í starfinu.
- Stuðlar markvisst að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti.
- Hefur frumkvæði og ber ábyrgð á að leita lausna í ágreiningsmálum.
- Hefur umsjón með móttöku nýrra starfsmanna og kennaranema í samræmi við móttökuáætlun. Hvetur starfsmenn til samvinnu og samráðs um nám á milli og þvert á starfsstéttir.

Fjármálaábyrgð

- Ber ábyrgð á, kemur að og hefur umsjón með fjárhags- og rekstraráætlun skólans.
- Sækir um til jöfnunarsjóðs vegna / ýmissa verkefna þar sem það á við (akstur og sérúrræði fyrir nemendur).
- Hefur umsjón með daglegum rekstri skólans.
- Ber ábyrgð á og hefur umsjón með skjalavörslu, sér um geymslu prófúrlausna, vitnisburða, skráninga í tölvukerfi auk annarra gagna sem tilskilin eru skv. reglugerð um skjalavörslu.
- Sér um að gögnum sé skilað til Héraðskjalasafns eða Þjóðskjalasafns innan tilskilins tíma.
- Ber ábyrgð á öryggismálum í skólahúsnæði og á skólalóð, s.s. brunavörnum, girðingum, lýsingu, þjófavörnum og fleiru.

Kennarar

Kennarar sem ráðnir eru til starfa í grunnskóla gegna því starfi samkvæmt lögum, reglugerðum, aðalnámskrá grunnskóla og kjarasamningum. Siðareglur fyrir kennara voru samþykktar árið 2002 og hafa kennarar þær reglur að leiðarljósi í sínu starfi.

Umsjónarkennarar

Umsjónarkennarar gegna veigamiklu hlutverki í velferð nemenda í skólanum. Samkvæmt 13. grein grunnskólalaga skal umsjónarkennari fylgjast náið með námi og þroska nemenda sinna, líðan og almennri velferð. Hlutverk hans er einnig að leiðbeina nemendum í námi og starfi, aðstoða og ráðleggja þeim um persónuleg mál og stuðla að því að efla samstarf skóla og heimila. Umsjónarkennari gætir hagsmuna umsjónarnemenda sinna innan skólans, er tengiliður við sérgreinakennara, sérfræðinga og heimili. Hann er upplýsingaaðili sem miðlar til nemenda upplýsingum og hefur samband við foreldra/forráðamenn eftir því sem þörf er á ásamt skipulögðum samtalsdögum.

Náms- og starfsráðgjafi

Almenn starfslýsing fyrir náms- og starfsráðgjafa

Ráðgjöf um vinnubrögð

- Leiðsögn og fræðsla um skipulagningu tíma og áætlanagerð
- Leiðsögn og fræðsla um námstækni (s.s. námsaðferðir, lestraraðferðir og prófundirbúning)
- Leiðsögn og fræðsla um lífsstíl og venjur sem stuðlað geta að aukinni einbeitingu, úthaldi og auknu tilfinningalegu jafnvægi

Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

- Stuðningur og ráðgjöf vegna tímabundinna erfiðleika og/eða áfalla
- Leiðsögn og ráðgjöf um streitu- og kvíðastjórnun
- Tilvísun og samstarf við sérfræðinga í sértækum málum

Ráðgjöf, hagsmunagæsla og upplýsingamiðlun vegna sérhæfðra réttindamála

- Stuðningur við einstaklinga með sérþarfir í samstarfi við aðra fagaðila
- Mat og greining á úrræðum fyrir einstaklinga með sérþarfir
- Samstarf við yfirvöld, sérfræðinga og þjónustuaðila í málefnum einstaklinga með sérþarfir

Ráðgjöf við náms- og starfsval

- Áhugagreining
- Könnun og greining á áhugasviði einstaklinga; fer ýmist fram með viðtölum eða með notkun mælitækja og kannana

Mat og greining á náms- og starfsfærni

- Greining styrkleika og veikleika einstaklinga með tilliti til náms og starfa; fer aðallega fram með viðtölum við ráðþega
- Miðlun upplýsinga um möguleika og framboð á námi og störfum
- Veitir upplýsingar og ráðgjöf um nám, námskeið, starfsmenntun og starfsval
- Starfsfræðsla; umsjón með framkvæmd starfsfræðslu í samstarfi við kennara, starfsfræðslufulltrúa og fulltrúa atvinnulífs

Þróunarverkefni

- Skýrslugerð

- Skráning viðtala og viðfangsefna
- Úrvinnsla tölulegra upplýsinga um viðtöl og viðfangsefni
- Mat og áætlanagerð

Viðhald fagþekkingar

- Þróun nýrra starfsaðferða
- Endurmenntun/símenntun
- Samstarf við aðra ráðgjafa og faghópa
- Handleiðsla/sjálfskoðun

Kannanir og rannsóknir

- Mat á starfsaðferðum
- Kannanir og eftirfylgni verkefna og viðfangsefna
- Kannanir á aðstæðum og viðhorfum ráðþega
- Fræðsla og miðlun þekkingar

Námsráðgjafi Patreksskóla er Katrín Vignisdóttir.

Stöðugildi náms- og starfsráðgjafa við Patreksskóla er 0,8.	
---	--

Skólaliðar

Skólaliðar sinna ýmsum mikilvægum störfum sem tengjast nemendum og skólastarfinu undir verkstjórn skólastjóra. Þeir fylgja börnunum m.a. í matsal, frímínútur, sund, íþróttir, sérgreinar og vettvangsferðir allt eftir þörfum hvers og eins. Þeir styðja nemandann í félagslegum samskiptum, bæði í kennslustofunni og utan hennar og leitast eftir fremsta megni að laða fram það besta hjá hverjum og einum ásamt því að ýta undir sjálfstæði nemenda. Einnig hafa þeir eftirlit með nemendum í skólanum og á skólalóð á starfstíma skólans. Auk þessa vinna skólaliðar fjölmörg önnur störf í þágu skólans.

Meginverkefni og almennt verksvið

Að taka á móti nemendum þegar þeir koma í skólann og líta til með þeim þegar þeir fara. Aðstoða þá ef með þarf að klæðast og afklæðast útifatnaði og ganga frá fötum sínum og skófatnaði.

- Að hafa umsjón með fötum og öðrum munum sem lenda óskilum.
- Að fylgjast með nemendum í frímínútum og öðrum hléum milli kennslustunda úti og inni, á göngum og í búningklefum.
- Að aðstoða þá í leik og starfi og leiðbeina þeim í umgengni og samskiptum þeirra við aðra nemendur og starfsmenn skólans.
- Að hafa auga með nemendum sem lenda í eyðu, t.d. vegna forfalla kennara.
- Að veita fyrstu hjálp ef slyss eða óhöpp ber að höndum.
- Að gera húsverði viðvart um allar bilanir, sem vart verður við og einnig ef efni eða áhöld vantar til ræstinga.
- Að aðstoða í mötuneyti og matsal í samvinnu við matráðskonur samkvæmt nánara samkomulagi.
- Að vera kennurum innan handar við ýmis viðvik, s.s. að hengja upp myndir og færa til húsgögn og gæta nemenda inni í tíma ef kennari þarf nauðsynlega að bregða sér frá, t.d. í síma.
- Að sinna öðrum þeim verkefnum sem skólastjóri felur þeim og fellur undir skólastarf án þess að vera kennsla.

- Að sjá um daglega ræstingu og halda hreinu og snyrtilegu húsnæði skólans og lóð samkvæmt nánari verklýsingu.

Stöðugildi skólaliða við Patreksskóla er 2,35 og er það alveg á mörkum að duga til að sinna þeim verkefnum sem fyrir liggja.

Stuðningsfulltrúi

Stuðningsfulltrúi hefur fjölmörg verkefni sem þarf að huga að og ber þar helst að nefna að hann:

- Aðstoðar nemanda/nemendur við daglegar athafnir og virka þátttöku í skólastarfi.
- Vinnur eftir áætlun sem umsjónarkennari hefur útbúið í samráði við fagstjóra sérkennslu, sálfræðing eða annan ráðgjafa.
- Aðstoðar nemanda/nemendur við að ná settum markmiðum samkvæmt aðalnámskrá/einstaklingsnámskrá undir leiðsögn kennara.
- Aðlagar verkefni að getu nemandans samkvæmt leiðbeiningum kennara.
- Ýtir undir færni og sjálfstæði nemenda í námi og daglegum athöfnum.
- Aðstoðar nemendur við að fylgja settum reglum um hegðun, umgengni og vinnubrögð. o.fl.

Stöðugildi stuðningsfulltrúa er 2,7. Einn stuðningsfulltrúi er í 1.-2. bekk, einn í 3.-4. bekk og tveir á miðstiginu. Vöntun er á stuðningsfulltrúa á unglingsstigi í ca. 0,5 stöðugildi.

Húsvörður

- Hefur umsjón með húseign og innanstokksmunum skólans. Fylgist með því að hiti, lýsing og loftræsting sé fullnægjandi í öllu húsnæði á vegum skólans. Ber ábyrgð á frágangi skólahúsa í lok starfsdags í samráði við ræstingafólk og skólastjóra.
- Lagfærir það sem skemmist eða slitnar eða sér til þess að viðhaldsverkefnið sé unnið í samráði við skólastjóra samkvæmt gildandi reglum.
- Sér til þess að umhverfi skólans og aðkoma starfsmanna og nemenda sé með viðhlítandi hætti hvað varðar öryggi og umgengni.
- Sér um að fá aðstoð við flutning húsgagna og tækja hjá áhaldahúsi.
- Aðstoðar við undirbúning og framkvæmd viðhaldsverkefna sem falin eru öðrum.
- Hefur eftirlit með sorphirðu við skólahúsnæði.
- Annast húsvörslu á þeim tímum sem húsnæði skólans er í notkun utan daglegs skólatíma samkvæmt gildandi reglum. Skólastjóri sinnir verkefnum í sumarfríi húsvörðar. Annast ýmsa öryggisþætti er varða skólahúsnæðið ef á þarf að halda.
- Húsvörður annast önnur þau störf er skólastjóri kann að fela honum og fallið geta að hlutverki og ábyrgð hans.

Stöðugildi húsvörðar er 0,3.

Starfsþróunaráætlun

Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sækji skilgreinda fræðslu. Með sveigjanlegu upphafi og lokum skólastarfs má skapa

svigrúm til að kennarar geti sótt símenntun í auknu mæli á starfstíma skóla. Símenntun/undirbúningur utan starfstíma skóla skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skóla og undir verkstjórn skólastjóra. Tími til starfsþróunar kennara markast af samningsbundnum 150 (126/102) klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem hluti af 150 (126/102) klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Hverjum skóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun og skal hún kynnt kennurum. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetur á grundvelli sjálfsmats skóla. Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. starfsþróunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu. Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra.

Starfsþróunartímar eru 102 þar sem orlofsdagar eru 30 hjá öllum. Að vori skila kennarar útfylltu eyðublaði þar sem þeir gera grein fyrir hvernig 102 tímum var varið.	
---	--

Áherslur 2021-2022

Áherslur í starfsþróun kennara í Patreksskóla skólaárið 2021-2022:

- Fjölbreytt og skapandi skólastarf byggt á grunnþáttum menntunar
 - Heilbrigði og velferð
 - Lýðræði og mannréttindi
 - Læsi
 - Sköpun
 - Jafnrétti
 - Sjálfbærni
- Leiðsagnarnám
- Einstaklingsmiðað nám byggt á hæfni nemandans
- Uppbyggingarstefnan
- Teymisvinna og kennsla
- Faglegt lærdómssamfélag

Mánuður	Starfsþróunaráætlun
Ágúst	• Leiðsagnarnám, heilbrigði og velferð
September	• Leiðsagnarnám, heilbrigði og velferð
Október	• Leiðsagnarnám, lýðræði og mannréttindi
Nóvember	• Leiðsagnarnám, einstaklingsmiðað nám, lýðræði og mannréttindi, læsi
Janúar	• Leiðsagnarnám, einstaklingsmiðað nám, uppbyggingarstefnan, sköpun
Febrúar	• Leiðsagnarnám, teymisvinna og kennsla, sköpun
Mars	• Leiðsagnarnám, jafnrétti
Apríl	• Leiðsagnarnám, faglegt lærdómssamfélag, jafnrétti/sjálfbærni
Maí	• Leiðsagnarnám, faglegt lærdómssamfélag, sjálfbærni

Skólaárið 2021-2022 eru fjórir kennarar í réttindanám. Kennarar fylla út eyðublaðið og halda þar með utan um sína starfsþróun sjálfir. Kennarar taka samt sem áður þátt í þeim námskeiðum sem fræðslustjóri og skólastjóri leggja til í samræmi við áherslur skólans.

Áherslur skólaársins gengu vel eftir

Starfsþróunaráætlun 2021-2022 – Patreksskóli

Starfsmaður heldur utan um sína eigin símenntun/starfsþróun og skráir. Í upphafi skólaárs fara kennarar og skólastjóri yfir skráningu og áform um starfsþróun. Í starfsmannviðtali vorannar afhendir starfsmaður skólastjóra blaðið og heldur eftir afriti. Skólastjóri staðfestir hvern þátt fyrir sig. Heildartími skv. kjarasamningi kennara Kennarar >30 ára skrá 150 klst., 30-37 ára skrá 126 klst. og þeir sem eru 38 ára og eldri skrá 102 klst.

Starfsmaður	Kennitala	Starfsheiti

Dags./tími	Tegund símenntunar / starfsþróunar	Útreikningur sbr. að neðan	Skil (staðfesting eða kynning)	Staðfesting yfirmanns

Útreikningur á tímum í endur- og símenntun:

Á starfstíma skóla innan vinnuramma	Stuðul 1
1) Á starfstíma skóla utan vinnuramma	Stuðull 1,33
2) Á starfstíma skóla utan vinnuramma (helgar)	Stuðull 1,45
3) Utan starfstíma skóla	Stuðull 1
4) Kynning eða kennsla sem starfsm. sér um	Stuðull 4

Til starfsþróunar telst m.a. þróunarverkefni, námskeið, ráðstefnur, fræðslufundir, kynningar, skólaheimsóknir, faglegur lestur o.fl. Annað er samkomulag við skólastjóra. Skólastjóri aðstoðar við útreikningana ef þess er þörf.

Skólabragur, skólareglur og ástundun

Samskipti og skólaandi

Skólastjóri sér til þess að skólareglur séu settar. Samskipta- og umgengnisreglur Patreksskóla er að finna í skólanámskrá sem alltaf er aðgengileg á vef skólans. Bæklingurinn „Skýr mörk“ er leiðarvísir um góða hegðun og jákvæð samskipti í skólanum. Þar eru birtar þær reglur sem gilda um umgengni í skólanum og skólasókn. Einnig er fjallað um agaferla ásamt lýsingu á því hvernig unnið er að lausn samskiptamála. Grunnur agaferla og sáttmála um samskipti er byggður á Uppbyggingarstefnunni (Restitution) en skólinn starfar eftir þeirri stefnu. Samkvæmt þeirri uppeldisstefnu er nemendum hjálpað að bera ábyrgð á eigin námi og eigin hegðun. Lögð verður enn meiri áhersla á á Uppbyggingarstefnuna á komandi skólaári. Endurskoðun skólareglna fer fram haustið 2021.

Skólareglur Patreksskóla voru samþykktar af skólasamfélaginu í vetur eftir umsagnarferli. Skólareglurnar eru að finna hérna: <https://patreksskoli.is/wp-content/uploads/2022/04/Skolareglur-word-A4Patreksskoli.pdf>

Skólaþjónusta

Samkvæmt Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 á skólinn „að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.“ Í reglugerð um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010 er áréttað að allir nemendur eigi að fá „jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskólum án aðgreiningar þannig að komið sé til móts við náms-, líkams-, félags- og tilfinningalegar þarfir þeirra.“

Stuðningur og sérkennsla eru ætluð þeim sem þurfa meiri hjálp við nám sitt en kennarar hafa tök á að veita í almennum kennslustundum. Helstu markmið þessarar þjónustu eru að styrkja sjálfmynd nemenda og veita þeim kennslu í samræmi við þroska og getu, að styrkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og að treysta samskipti við foreldra sem best. Sérkennarar og sálfræðingur skólans vinna greiningar á þroska, lestrarfærni, einbeitingu og fleiri þáttum í samráði við kennara og foreldra viðkomandi nemenda.

Stuðningur og sérkennsla fer fram í lesveri Patreksskóla og stýrir sérkennari starfsemi þess. Sérkennsla fer fram inni í bekkjum, í litlum hópum og einstaklingslega, allt eftir þörfum og aðstæðum. Fjöldi tíma sem nemendur sækja er mjög mismunandi.

Túlkþjónusta er veitt í almennum foreldraviðtölum og eftir þörfum ef foreldrar nemanda tala ekki íslensku eða takmarkaða íslensku. Einnig er hægt að kalla til símatúlk ef nauðsynlegt er að koma upplýsingum til foreldra, t.d. ef barn meiðist eða ef eitthvað alvarlegt kemur upp á í skólanum. Báðir foreldrar nemanda eru hvattir til að mæta í viðtölin og ekki er æskilegt að annað foreldrið túlki fyrir hitt, frekar skal nýta sér þjónustu túlks. Í sumum tilfellum afþakka foreldrar túlkþjónustu af hálfu skóla en benda skal á að túlkur er ekki eingöngu kallaður til foreldranna vegna heldur líka til að túlka fyrir starfsfólk skóla. Því þurfa foreldrar og starfsfólk að vera sammála um þegar ekki þarf túlkþjónustu.

Skólaþjónustan var með minna móti þetta skólaárið þar sem iðjuþjálfinn og náms- og starfsráðgjafinn voru í fæðingarorlofi. Þá var sérkennarinn einungis í 50% starfi. Sturla Brynjólfsson sálfræðingur sinnti þjónustu skólasálfræðings, Erla Björk Sveinbjörnsdóttir sinnti sérkennsluráðgjöf í gegnum netið og Ágústa Björnsdóttir sinnti náms- og starfsráðgjöf í gegnum

netið. Þær eru á vegum Ásgarðs ráðgjafar. Þó svo að þær hafi sinnt sínu hlutverki mjög vel kemur það ekki í staðinn fyrir að hafa starfsfólk á staðnum. Næsta skólaár horfir til betri vegar varðandi stoðþjónustuna.

Skólaheilsugæsla

Skólaheilsugæsla er á vegum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsemi hennar er samkvæmt lögum, reglugerðum og tilmælum Landlæknis. Í henni felast skimanir, viðtöl um lífsstíl og líðan, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans. Nánari upplýsingar um starfsemi skólaheilsugæslunnar má nálgast á Heilsuvefnum.

Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í samvinnu við foreldra/forráðmenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem veita skólabarninu þjónustu. Starfsfólk heilsugæslunnar er bundið þagnarskyldu. Starfsfólk veitir fyrstu hjálp ef slys ber að höndum. Ef barn veikist í skólanum eða meiðist alvarlega er haft samband við forráðamenn. Því er nauðsynlegt að skólinn hafi símanúmer foreldra/forráðamanna.

Heilsugæsla í Patreksskóla.

Heilsugæsla í skólum lýtur stjórn heilbrigðisyfirvalda og er hjúkrunarfræðingur skólans starfsmaður Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.

Markmið:

Að stuðla að því, að börn fái að þroskast við þau bestu andlegu-, líkamlegu- og félagslegu skilyrði, sem völ er á á hverjum tíma. Til að ná því markmiði er fylgst með barninu og umhverfi þess, og komi í ljós að eitthvað hamli því að þessum skilyrðum sé fullnægt eru ráðstafanir til úrbóta gerðar svo fljótt sem auðið er.

Áhersla er lögð á að fræða börnin, til að gera hvern og einn ábyrgan fyrir eigin heilsu og heilbrigði.

Starfssviðið felst í eftirfarandi þáttum:

- Eftirlit með andlegu, líkamlegu og félagslegu heilsufari nemenda s.s. með viðveru og eftirliti með líkamsvexti og þroska ásamt sjón- og heyrnarprófum.
- Heilbrigðisfræðsla og hvatning, hópfræðsla og í sérstökum tilvikum einstaklingsfræðsla. Áhersla er lögð á að hver og einn einstaklingur beri ábyrgð á eigin heilsu og heilbrigði.
- Forvarnir gegn vímuefnum og öðru því sem skaðlegt er heilsu og heilbrigði nemenda.
- Hjúkrunarfræðingur er nemendum og foreldrum til stuðnings, veitir ráðgjöf og leiðbeinir um þá þjónustu sem völ er á. Hann veitir nemendum með andlega og líkamlega sjúkdóma aðstoð eins og við verður komið hverju sinni.

Heilbrigðisskoðun fer fram samkvæmt tilmælum landlæknisembættis

- 1. bekkur: Lífsstílsmat (þau svara nokkrum spurningum svo er spjallað saman útfrá því), hæð, þyngd og sjónpróf
- 4. bekkur: Lífsstílsmat, hæð, þyngd og sjónpróf
- 7. bekkur: Lífsstílsmat, hæð, þyngd, sjónpróf. Allir fá MMR bólusetningu (mislingar, hettusótt og rauðir hundar) og allar stelpur í 7 bekk fá Cervarix bólusetningu (leghálskrabbamein) sem eru 3 sprautur gefnar 0,1,6 mánuði.
- 9. bekkur: Lífsstílsmat, hæð, þyngd, sjónpróf. Allir fá Boostrix Polio bólusetningu (barnaveiki, kíghósti, stífkrampi og mænusótt)
- Berklapróf er tekið ef barnið, foreldri eða foreldrar þess eru fædd í Asíu, Afríku, Suður- og Mið-Ameríku og Austur Evrópu, eða ef barnið hefur dvalið eitt ár eða lengur á þessum svæðum.

- Þurfi barnið lyf í skólanum ber foreldrum að hafa samband við hjúkrunarfræðing þar sem hann ber ábyrgð á lyfjagjöfum á skólatíma.

Heilsuvernd í grunnskólum - Fræðsla hjúkrunarfræðings

1. bekkur – 6 ára.

Persónulegt hreinlæti, tannvernd, svefn og hvíld. Næring (morgunverður). Slysavarnir og hjálmar. Vináttan í bekknum. Líkaminn, hvernig þósum við hann?

2. bekkur – 7 ára.

Rifja upp fræðslu um persónulegt hreinlæti. Tannvernd, svefn og hvíld. Næring (skólanesti). Slysavarnir og hjálmar. Vetrarklæðnaður og hlífðarföt. Vináttan í bekknum.

3. bekkur – 8 ára.

Svefn og hvíld, næring (hádegisverður), slysavarnir (skyndihjálp). Vináttan í bekknum.

4. bekkur – 9 ára.

Svefn og hvíld. Heilsusamlegt líferni (næring, hreyfing). Slysavarnir (skyndihjálp). Vináttan í bekknum.

5. bekkur – 10 ára.

Næring (matur skiptir máli). Reykingar, slysavarnir (skyndihjálp), einelti. Kynþroskaskeiðið.

6. bekkur – 11 ára.

Hreinlæti. Tannhirða. Mikilvægi hreyfingar. Kynþroskinn.

7. bekkur – 12 ára.

Hreinlæti, mataræði, kynfræðsla. Reykingar og vímuefnavarnir.

8. bekkur – 13 ára.

Hreinlæti. Kynfræðsla og kynsjúkdómar. Getnaðarvarnir. Reykingar og vímuefnavarnir.

9. bekkur – 14 ára.

Kynsjúkdómar upprifjun. Aðeins eitt líf. Þroskaverkefni unglingsáranna.

10. bekkur – 15 ára.

Kynsjúkdómar, upprifjun. Krabbamein í eistum. Lífshamingjan. Ertu einmana?

Skólahjúkrunarfræðingur sinni heilbrigðis skoðun og heilsuvernd í öllum bekkjum en var ekki með viðveru í skólanum og sat ekki fundi Svæðisbundins farsældarráðs sem er bagalegt.	
---	--

Nemendaverndarráð/skólaþjónustuteymi

Við Patreksskóla starfar nemendaverndarráð/skólaþjónustuteymi skv. reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Nemendaverndarráð hefur það meginmarkmið að starfa að velferðarmálum einstakra nemenda í skólanum. Nemendaverndarráð samræmir störf þeirra sem sjá um málefni nemenda varðandi forvarnarstörf, heilsugæslu, námsráðgjöf, sérkennslu og sérfræðiþjónustu. Ráðið er skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráð fjallar um úrræði í málum nemenda sem til þess er vísað. Fundir eru bókaðir og farið er með allar upplýsingar samkvæmt reglum um meðferð trúnaðargagna. Þegar máli nemenda er formlega vísað til nemendaverndarráðs eru foreldrar upplýstir um það.

Nemendaverndarráð fundar reglulega og í því sitja skólastjóri, sérkennari, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, iðjuþjálfari og fulltrúi frá félagsþjónustu Vesturbyggðar eftir þörfum. Umsjónarkennarar mæta á fundi þegar þörf er á því. Allir starfsmenn skólans geta vísað málum til nemendaverndarráðs í samráði við skólastjóra á þar til gerðum tilvísunarblöðum.

Nemendaverndarráð fjallar um einstaka nemendur, mál hópa og heilla bekkja, agamál og annað er varðar velferð nemenda við skólann. Hugað er að námslegum þáttum, sjálfsmynd og líðan og félagslegri stöðu nemenda. Ráðið ákveður hver/hverjir taka að sér hvert mál og hvenær viðkomandi skal greina frá árangri þess sem gert er. Ráðið getur kallað á sinn fund þá aðila innan skólans og utan sem það telur að geti upplýst sig um ákveðin málefni. Full trúnaðarskylda fundarmanna gildir á öllum

fundum nemendaverndarráðs. Fundurinn er ritaður í fundargerðarbók. Ef ástæða þykir er erindið sent áfram til viðeigandi aðila.

Ráðið fundaði einu sinni í mánuði, 2. miðvikudag. Undirbúningur fyrir innleiðingu farsældarfrumvarps barna er hafinn.

Áætlun um sérkennslu

Í Patreksskóla er unnið eftir skóla án aðgreiningar. Í því felst að komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir hvers og eins með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda og lögð er áhersla á að útrýma öllum gerðum mismununar og aðgreiningar í skólum. Þetta samræmist 17. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 þar sem segir að allir nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

Nemendur með sérþarfir eru þeir sem eiga erfitt með nám vegna sértækra námserfiðleika, tilfinningalegra eða félagslegra og/eða fötlunar, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir. Bráðgerir nemendur og nemendur sem búa yfir sérhæfileikum á vissum sviðum, eiga einnig rétt á að fá námstækifæri við hæfi.

Móttaka nemenda með sérþarfir

Tekið er á móti nýjum nemendum samkvæmt áætlun um móttöku nýrra nemenda sem birt er m.a. á heimasíðu skólans. Sé óskað eftir skólavist fyrir nemenda með sérþarfir er það á ábyrgð foreldra að veita skólanum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barnsins. Gætt er fyllsta trúnaðar varðandi persónuupplýsingar og þær varðveittar samkvæmt lögum.

Áður en skólavist hefst mæta foreldrar og nemandi (eftir atvikum) í viðtal til skólastjóra og sérkennara. Þar sem farið er yfir skipulag kennslunnar, stefnu skólans, stoðþjónustu og áætlun um stuðning fyrir nemendur. Æskilegt er að nemandi komi í heimsókn í skólann áður en skólavist hefst.

Einstaklingsnámskrá

Einstaklingsnámskrá er útbúin fyrir þá nemendur sem þurfa þykir. Námskráin byggir á hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá eða skólanámskrá og er sniðinn að nemandanum og hans þörfum, s.s. áhugasvið, styrkleikum, náms- og félagsstöðu. Áhersla er á að setja fram stutt og metanleg markmið sem endurskoðuð með reglubundnum hætti yfir skólaárið. Sérkennari ásamt umsjónarkennara ber ábyrgð á að gerð sé einstaklingsnámskrá fyrir nemanda. Er hún unnin í samráði við foreldra og nemendur.

Teymisvinna

Í skólanum er lögð áhersla á teymisvinnu þar sem mynduð eruð teymi utan um nemendur. Í teyminu er sérkennari, umsjónarkennari og faggreinakennari. Reynt er eftir fremsta megni að koma til móts við nemandann inn í kennslustofu þar sem hann fær námsefni og aðstoð eftir þörfum. Hlutverk sérkennara er því meðal annars að aðstoða kennara við val á námsefni og aðstoð við nemandann eftir þörfum, inn í bekk eða í einstaklingskennslu eftir þörfum.

Þegar þörf er á þverfaglegri vinnu foreldra og fagfólks er myndað teymi. Sérkennari ber ábyrgð á stofnun teymis. Teymisfundir skulu haldnir a.m.k. tvisvar sinnum yfir skólaárið, einu sinni á hvorri önn eða eftir því sem þörf er á. Auk þess eru haldnir minni fundir eftir þörfum, umsjónarkennari skráir fundargerð og miðlar reglulega upplýsingum til foreldra um árangur og gengi nemandans samkvæmt áætlun.

Áætlun um sérkennslu er að finna hérna: <https://patreksskoli.is/serfraedithjonusta/serkennsla/>

Skólaþjónusta

Sálfræðiþjónusta er á vegum Litlu kvíðamiðstöðvarinnar og talmeinafræðingur er á vegum Tröppu þjónustu.

Skólasálfræðingar Litlu KMS gera frumgreiningar á frávikum í þroska. Einnig veita þau ráðgjöf til skóla, foreldra og barna vegna vægari frávika í hegðun og líðan. Þegar óskað er eftir aðkomu sálfræðings er hægt að velja um tvennskonar ferli:

1. Greiningarferli: Þessi leið er farin ef það vaknar upp grunur um frávik í þroska, líkt og greindarskerðing, almennir námsörðuleikar, einhverfa, ADHD eða um annarskonar alvarlega geðræna erfiðleika barns
2. Ráðgjöf: Þessi leið er valin ef starfsfólki, foreldri eða barninu sjálfu vantar nokkur viðtöl hjá sálfræðingi til að fá aðstoð vegna hegðunerfiðleika eða vanlíðan hjá barni. T.a.m. ef barn er að sýna væg kvíða-eða þunglyndiseinkenni, erfiðleika með tilfinningastjórn o.s.frv.

Ánægja er með þjónustu skólasálfræðingsins en biðlisti er u.þ.b. 12 mánuðir fyrir greiningu.

Námsráðgjöf

Við Patreksskóla starfar náms- og starfsráðgjafi á vegum Ásgarðs ráðgjafar þar sem starfsmaður Patreksskóla er í orlofi þetta skólaár. Hlutverk náms- og starfsráðgjafar er m.a.:

- Veita nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og fræða þá um nám, störf og atvinnulíf.
- Leiðbeina nemendum um vinnubrögð í námi.
- Veita nemendum ráðgjöf í einkamálum þannig að þeir eigi auðveldara að ná settum markmiðum í námi.
- Aðstoða nemendur við að setja sér markmið og gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum
- Veita foreldrum ráð varðandi nám og hegðun barna þeirra.

Katrín Vignisdóttir var í fæðingarorlofi frá október og út skólaárið. Frá febrúar sinnti Ágústa Björnsdóttir, náms- og starfsráðgjafi þjónustunni í Katrínar stað. Þjónustan fór fram í gegnum Zoom á miðvikudögum frá kl. 9:00-13:00 og var mjög vel nýtt.

Áætlanir og stefnur

Læsisstefna

Árið 2015 vann starfsfólk Patreksskóla [ítarlega læsisstefnu](#) fyrir skólann og er starfað eftir henni. Markmið skólans er að nemendur sýni ásættanlegar framfarir á milli ára og er það markmið skólaársins

2021-2022 sem áður fyrr. Enn fremur hefur verið sett fram [sameiginleg læsisstefna leik- og grunnskólanna í sveitarfélaginu](#) og þar hefur enn fremur verið sett marmið um að nemendur Vesturbyggðar verði ekki meira en +/- 10% frá lesfímiviðmiðum MMS og verði skólaárið 2021-2022 jafnframt markmið Patreksskóla. Læsisstefna Patreksskóla verður endurskoðuð á vorönn 2022.

Yfirlit um kannanir og skimanir

Yfirlit um kannanir og skimanir er að finna í sameiginlegri [læsisstefnu Vesturbyggðar](#).

Mikilvægt að yfirfara læsisstefnu Patreksskóla á næsta skólaári.	
--	--

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun fyrir Patreksskóla er eftirfarandi:

- Kennari / starfsmaður safnar saman sínum bekk eða námshópi og fullvissar sig um að allir séu mættir og viti hvað á að gera þegar merki um hættuástand er gefið.
- Kennari / starfsmaður er tilbúinn með hópinn til að yfirgefa húsið þegar skipun kemur um það eða viðeigandi merki er gefið (merki sem táknar neyðarástand). Kennarinn tekur með sér nemendalista.
- Skilja ber allar eigur eftir í stofunni, s.s. skólatöskur og annað.
- Nota ber þann útgang sem næstur er. Ekki skal farið í útiskó.
- Kennari/starfsmaður fer síðastur og sér til þess að allir nemendur komist út.
- Starfsmenn athuga öruggustu rýmingaleiðir á sínu svæði og aðstoða kennara við að rýma skólann.
- Safna skal hópnum saman á safnsvæði á skólalóð sem er við sandkassann.
- Kennari/starfsmaður skal, þegar út er komið, merkja við í bekkjarskrána til að fullvissa sig um að allir séu komnir út.
- Skólastjórnendur fara yfir starfsmannalista og kanna hvort allt starfsfólk hefur skilað sér.
- Vanti einhvern fer slökkvilið inn og leitar þeirra sem týndir eru.

Í hverri stofu hanga nemendalista og mynd af flóttaleiðum.

Ný rýmingaráætlun fyrir Patreksskóla var yfirfarin og samþykkt skólaárið 2021-2022 og er hana að finna hérna: Rýmingaráætlun Patreksskóla .	
---	--

Óveður, ófærð

Skólinn sendir út tilkynningu til forráðamanna ef veðurspá er sérlega slæm og varasamt er að vera á ferðinni, annað hvort í fjölmiðli, eða heimasíðu skólans og Facebook. Forráðamenn þurfa alltaf að meta hvort þeir senda nemanda í skólann ef veðrið er slæmt. Ef óveður skellur á meðan nemendur eru í skólanum og tvísýnt um heimferð, sér skólinn um að koma skilaboðum til forráðamanna um hvernig heimferð nemenda verður háttáð. Almannaþarnir koma að málum ef ástandið er sérlega slæmt.

Viðbúnaðarstig 1: Röskun á skólastarfi

Röskun verður á skólastarfi vegna erfiðleika starfsfólks og nemenda við að komast til skóla - Foreldrar fylgi börnum sínum í skólann. Skólinn er opinn og tekur við nemendum.

Meti foreldrar/forráðamenn það svo að best sé að halda börnum heima vegna veðurs eða færðar skulu þeir tilkynna skólanum um forföll barnsins og er það þá skráð sem leyfi.

Geisi óveður við lok skóladags er metið hvort óhætt er að senda börnin heim eða hvort ástæða er til að foreldrar sækja þau í skólann. Þá er mikilvægt að starfsfólk fylgist með því að nemendur yfirgefi ekki skólann nema í fylgd forráðamanna eða í samráði við þá. Verði verulegir erfiðleikar að koma nemendum og starfsfólki heim má leita aðstoðar hjá björgunarveitum/112 og láta jafnframt foreldra vita.

Viðbúnaðarstig 2: Skólahald fellur niður

Skólastjórnendur og annað starfsfólk fylgist vel með tilkynningum og bregðast við þeim (í samráði við bæjaryfirvöld og/eða lögreglu) með því að láta viðkomandi vita, t.d. senda tilkynningu í útvarpið og setja tilkynningu á heimasíðu skólans, heimasíðu Vesturbyggðar og á Facebook.

Ný áætlun vegna Viðbragða við óveðri var birt í janúar 2022 og nýtt í heild sinni fyrir Patreksskóla með góðfúslegu leyfi Almannavarna og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, www.shs.is	
--	--

Áfengis- og fíknivarnir

Inngangur

Í Patreksskóla er unnið eftir fíknivarnaáætlun sem tekur til almennra forvarna, s.s. gagnvart tóbaki, áfengi, öðrum vímuefnum og annars konar fíkn. Patreksskóla ber skylda til þess að fræða nemendur og miðla upplýsingum varðandi fíkn. Markmiðið er að draga úr fjölda þeirra sem ánetjast reykingum eða öðrum vímuefnum sem og annarri fíkn. Í þessari áætlun verður fjallað um forvarnir innan skólans, viðbrögð skólans þegar upp kemur grunur eða vitneskja um fíkn og góð ráð til foreldra.

Forvarnir

Markmiðið með áætlun um áfengis- og fíkniforvörnum er að draga úr fjölda þeirra sem ánetjast reykingum eða öðrum vímuefnum sem og annarri fíkn. Fræðslan fer fram með fjölbreyttum hætti og koma margir aðilar að þeirri fræðslu, svo sem kennarar, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og utanaðkomandi aðilar sem eru sérfræðingar á ákveðnum sviðum.

Leiðir í forvörnum

- Að fræða nemendur um skaðsemi tóbaks, áfengis og annarra fíkniefna og afleiðingar af neyslu þessara efna. Sömuleiðis að fræða um annars konar fíkn, t.d. netfíkn.
- Stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og heilbrigðum lífsstíl nemenda svo að þeir verði betur færir um að taka sjálfstæðar ákvarðanir án þess að láta undan félagslegum þrýstingi.
- Leggja aukna áherslu á úrræði fyrir nemendur í áhættuhóp.
- Hafa samvinnu við heimilin um forvarnir.
- Fá gestafyrirlesara í heimsókn til að ræða við nemendur í tengslum við annað forvarnarstarf.
- Vera í samstarfi við Félagsmiðstöðina Vest-End um forvarnarstarf.
- Einstaklingsviðtöl við umsjónarkennara.
- Viðtöl við sálfræðing eða námsráðgjafa.
- Viðtöl við skólahjúkrunarfræðing.

Heilsueflandi skóli

Patreksskóli tekur þátt í verkefninu heilsueflandi skóli. Heilsueflandi grunnskóla er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsueflingu í starfi sínu. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag. Skólar koma sér upp heildrænni og vel skipulagðri heilsustefnu þar sem horft er á allt skólasamfélagið í heild.

Viðbrögð þegar upp kemur grunur eða vitneskja um fíkn

Ferill vímuefnamála

- Öll notkun tóbaks og nikótíns er bönnuð í og við skólann. Foreldrum er gert viðvart ef nemandi verður uppvís að reykingum eða tóbaksnotkun. Hafi kennarar eða annað starfsfólk skólans grun um að nemandi sé farinn að reykja eða nota tóbak eru foreldrar látnir vita um þann grun af umsjónarkennara, eða skólastjóra.
- Ef sterkur grunur um neyslu nemenda á áfengi eða fíkniefnum vaknar, er umsjónarkennara tilkynnt um málið. Jafnframt hefur skólastjóri samband við foreldra viðkomandi nemanda og segir frá rökstuddum grunsemdum og bendir foreldrum á hvert þeir geti leitað eftir aðstoð.
- Ef staðfestar upplýsingar liggja fyrir um neyslu nemanda á áfengi eða öðrum vímuefnum skal umsjónarkennari eða skólastjóri strax boða foreldra til fundar, kynna þeim málið og láta vita um framgang málsins.
- Málinu er vísað til nemendaverndarráðs/stoðþjónustuteymis.
- Skólastjóri tilkynnir barnaverndaryfirvöldum skriflega um málið.
- Skóli og barnaverndaryfirvöld vinna saman að framgangi máls.

Ferill annarra fíknimála

- Ef fram kemur sterkur grunur um fíkn nemanda er umsjónarkennara tilkynnt um málið. Jafnframt hefur skólastjóri samband við foreldra viðkomandi nemanda og bendir foreldrum á hvert þeir geti leitað eftir aðstoð fagaðila.
- Málinu er vísað til nemendaverndarráðs.
- Skólastjóri tilkynnir barnaverndaryfirvöldum skriflega um málið.
- Skóli og barnaverndaryfirvöld vinna saman að framgangi máls.
- Skólastjóri og nemendaverndarráð sjá um öll mál sem tengjast vímuefnum og fíkn innan skólans.

Góð ráð til foreldra

Tóbak/áfengi/vímuefni

Það sem getur komið í veg fyrir vímuefnaneyslu barna:

- Gott sjálfstraust.
- Sterk sjálfsmynd.
- Sterk félagsleg tengsl og vinir.
- Foreldrar og skóli vel upplýstir um hagi barns.
- Lögbundinn útivistartími virtur.
- Að börn séu ekki eftirlitslaus þegar þau koma saman.

Forvarnir eru ekki bara fyrirlestur um tóbak, eiturylf og aðra fíkn. Það felst einnig forvörn í því að:

- Gefa sér tíma með barninu til að gera eitthvað skemmtilegt.

- Hlusta á álit barnsins og hvetja það til að hafa sjálfstæð markmið og skoðanir.
- Hvetja barnið til hvers konar heilbrigðrar tómstundaiðkunar.
- Þekkja vini barnsins og foreldra þeirra.
- Vera börnunum góð fyrirmynd.

Ef þig grunar að barnið þitt noti vímuefni, er mikilvægt að bregðast rétt við.

- Það er eðlilegt að finna til vanmáttarkenndar og hræðslu, en í fæstum tilfellum er barnið í bráðri lífshættu.
- Haltu rósemi þinni. Ekki ráðast á barnið með ásökunum og æsingi því að þá er hættu á að þú missir traust þess.
- Ekki sökva þér niður í sjálfsásökun. Það þarf ekki að vera að þú hafir brugðist í foreldrahlutverkinu.
- Aflaðu þér upplýsinga um vímuefni. Þær má finna á bókasöfnum, á netinu, hjá forvarna- og heilbrigðisaðilum.
- Gerðu þér far um að kynnast vinum barnsins þíns. Vinahópur, lífsstíll og áhugamál barnsins segja mikið um líkurnar á vímuefnanotkun.
- Hafðu samband við aðra foreldra sem eru í svipaðri stöðu. Reynsla þeirra getur oft hjálpað mjög mikið.
- Ef þér er sagt „Það gera þetta allir“ – eða – „Það mega þetta allir“ skaltu vera á varðbergi. Þeir sem nota þessi orðatiltæki hafa sjaldnast rök fyrir skoðun sinni. Orðatiltækin duga einungis á foreldra sem láta ekki skynsemina ráða eða þora ekki að hafa sjálfstæðar skoðanir.

Það sem getur minnkað hættu á að ánetjast fíkniefnum

- Samvera með foreldrum.
- Stuðningur, aðhald, agi og skýrar reglur.
- Jákvætt viðhorf til skóla og góð frammistaða í námi.
- Vinahópurinn.
- Tómstundastarf, t.d. íþróttir og tónlistarnám.
- Góð samvinna foreldra og skóla.
- Foreldrarölt.
- Foreldrar samræmi útivistarreglur á skólakynningarfundum á haustin.
- Að foreldrar séu vel upplýstir um forvarnir og uppeldismál almennt.
- Regluleg fræðsla um fíkn og varnir gegn henni.

Aðvörunarmerki um vanlíðan hjá ungu fólki

Líkamleg einkenni:

- Áhugaleysi á eigin útliti, t.d. klæðnaði eða hreinlæti.
- Minnkandi matarlyst.
- Óvæntir sjúkdómar, slys eða verkir.
- Breyting á svefnvenjum.

Tilfinningaleg einkenni:

- Áhugaleysi, uppgjöf eða vonleysi.
- Kvíði, spennu, álag.
- Þreyta, aukin svefnþörf.
- Skyndilegir erfiðleikar í sambandi við einbeitingu / rökhugsun.

- Sektarkennd og samviskubit.
- Miklar skapsveiflur og skapbrestit.
- Einangrun eða minnkandi ánægja af félagslegum samskiptum.

Hegðunarleg einkenni:

- Versnandi árangur í skóla.
- Minnkandi áhugi á tómsundamálum, svo sem íþróttum.
- Sjálfseyðileggjandi hegðun.
- Aukin vímuefnaneysla.
- Ögrandi lífsstíll, t.d. klæðnaður sem táknar dauða eða vímuefni.
- Áhugi á hljómlist með textum sem fjalla um þunglyndi, vímu eða dauða.
- Áhugaleysi um eigur sínar.
- Andfélagsleg hegðun, t.d. þjófnaðir eða árásir.

Hvert er hægt að leita þegar vandi steðjar að?

Hægt er að leita til nám- og starfsráðgjafa og sálfræðings við Patreksskóla sem bæði foreldrar og börn geta leitað til varðandi nám og líðan sem og erfiðleika tengdum fíkn. Nám- og starfsráðgjafi/sálfræðingur getur hlustað, gefið góð ráð og bent á næstu skref. Þá getur skólinn bent á úrræði í samstarfi við Félagsþjónustu Vesturbyggðar. Einnig getur verið gott að leita að upplýsingum og fræðslu á netinu.

Allir starfsmenn skólans vinna að forvörnum til að efla heilbrigði og velferð nemenda skólans. Mikilvægt er að allir aðilar skólasamfélagsins séu meðvitaðir og geti gripið í taumana áður en erfiðleikarnir verða of miklir.

Góðar vefsíður og símanúmer

- Vímulaus æska – foreldrahús - www.vimulaus.is
- FRÆ - fræðsla og forvarnir - www.forvarnir.is
- Saman hópurinn - www.samanhopurinn.is
- SÁS - Samtök áhugafólks um spilafíkn - www.spilavandi.is
- SÁÁ - Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavanda <http://saa.is/>
- Fjölbreyttar upplýsingar um peningaspil - abyrgspilun.is
- Heilræði fyrir foreldra og leiðbeiningar um örugga netnotkun barna - saft.is
- Embætti landlæknis - <http://www.landlaeknir.is/>
- Aðstoð við að hætta að reykja - <http://reyklaus.is/>
- Rauði krossinn <http://www.raudikrossinn.is/>
- Heimili og skóli <http://www.heimilioskoli.is/>
- Lögreglan <http://logreglan.is/>
- Neyðarnúmer: 112
- Fíkniefnasíminn: 800-5005
- Hjálparsími Rauða krossins: 1717
- Foreldrahús Vímulausrar æsku, opinn allan sólarhringinn: 581-1799

Áætlun um áfengis og fíknivarnir þyrfti að endurskoða á næsta skólaári. Samkvæmt endurskoðunarstefnu áætlana í Patreksskóla hefði átt að endurskoða stefnuna haust 2021 en	
--	--

var ekki gert. Áætlað að endurskoða áætlunina haust 2022. Framvegis verður þessi áætlun ekki birt í starfsáætlun heldur einungis á heimasíðu skólans sem hluti af skólanámskrá.

Eineltisáætlun

Umsjónarkennari ber alltaf ábyrgð á sínum nemendum, en fær til liðs við sig eineltisteymi, námsráðgjafa og skólabjónustuteymi (nemendaverndarráð) eins og þörf er fyrir hverju sinni. Í skólanum er starfandi eineltisteymi sem í eiga sæti náms- og starfsráðgjafi skólans, deildarstjóri yngsta stigs og skólastjóri. Auk þeirra taka sæti í teyminu umsjónarkennarar þess bekkjar/árgangs sem einelti kemur upp í hverju sinni. Hlutverk eineltisteymisins er að halda utan um og aðstoða við vinnslu mála ásamt umsjónarkennara. Enn fremur er teyminu ætlað að vera kennurum til ráðgjafar varðandi fyrirbyggjandi aðgerðir hvað varðar einelti.

Í eineltisteymi Patreksskóla eru:

Ásdís Snót Guðmundsdóttir, skólastjóri
Kris Bay, ráðgjafi nemenda
Viðkomandi umsjónarkennari

Eineltisáætlun Patreksskóla er að finna hérna: [Eineltisáætlun Patreksskóla](#). Áætluð endurskoðun er haust 2022. Framvegis verður þessi áætlun ekki birt í starfsáætlun heldur einungis á heimasíðu skólans sem hluti af skólanámskrá.

Móttaka nýrra nemenda

Þegar nýir nemendur koma í skólann er tekið á móti þeim samkvæmt móttökuáætlun. Sérstakt móttökuferli tekur við ef nemendur eru með erlent tungumál sem móðurmál. M.a. fá þeir sérkennslu í íslensku. Í Patreksskóla er talsverður fjöldi pólskra nemenda og einu sinni í viku fá nemendur á yngsta stigi pólskukennslu.

[Móttökuáætlanir nemenda við Patreksskóla.](#)

Stefnt var að því að endurskoða móttökuáætlun nemenda við Patreksskóla haustið 2021 sem var ekki gert. Áætluð endurskoðun er haustið 2022. Framvegis verður þessi áætlun ekki birt í starfsáætlun heldur einungis á heimasíðu skólans sem hluti af skólanámskrá.

Öryggisáætlun

Öryggisáætlun fyrir Patreksskóla er að finna hér: [Öryggisáætlun fyrir Patreksskóla](#)

Ný áætlun um öryggi- og slysavarnir fyrir Patreksskóla var yfirfarin og samþykkt í desember 2021 og er að finna hérna: [Áætlun um öryggi- og slysavarnir](#). Framvegis verður þessi áætlun ekki birt í starfsáætlun heldur einungis á heimasíðu skólans sem hluti af skólanámskrá.

Áætlanir og stefnur

Heiti áætlana:	Endurskoðað síðast	Endurskoðun næst:	
Áætlun um sérkennslu	Haust 2020	Haust 2022	
Eineltisáætlun	Haust 2020	Haust 2021	
Fíkniforvarnaráætlun		Haust 2021	
Fundaáætlun Patreksskóla	Ágúst 2021	Janúar 2022	

Innra matsáætlun	Vor 2021	Haust 2021	
Jafnréttisáætlun	Haust 2020	Haust 2022	
Læsisstefna Patreksskóla		Haust 2022	
Móttökuáætlun nemenda	Haust 2020	Haust 2021	
<ul style="list-style-type: none"> Nýir nemendur Nemendur með annað móðurmál en íslensku Nemendur með sérstakar þarfir 			
Símenntunaráætlun	Ágúst 2021	Jan 2022	
Skimanir í grunnskólum Vesturbyggðar	Vor 2021	Haust 2022	
Skólareglur	Nóv 2021		
Starfsmannahandbók	Haust 2018	Vor 2022	
Áætlun um öryggi- og slysavarnir	Vor 2021	Vor 2022	
Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn	Október 2018	Desember 2021	
Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað 2021-2024		Janúar 2022	
Viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni starfsmanna	Mars 2020	Mars 2022	

Viðfangsefni innra mats

Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um starfið í Patreksskólaskóla þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrir fram ákveðnum viðmiðum. Leitast er við að greina styrkleika í starfi skólans, hvaða þætti þurfi að bæta og hvað þurfi að gera til að skólinn verði enn betri.

Innra mats teymi skólans skipa: Ásdís Snót Guðmundsdóttir skólastjóri, María Óska Óskarsdóttir og Helga Gísladóttir, sérkennari. Teymið vinnur í nánu samstarfi við skólaráð um skipulag og framkvæmd innra matsins. Krístrún Lind Birgisdóttir frá Ásgarði ráðgjöf mun sjá um að styðja starfsfólk skólans við að tileinka sér nýja starfshætti við innra mat, setja viðmið og meta hvern þátt fyrir sig þar til nýir starfshættir verða orðnir fastir í sessi.

Langtímaáætlun https://docs.google.com/document/d/e/2PACX-1vSRh-lpO9EoFDINWOCIVAE5hs7kQwI56zvAzKb6KxIAp2Mrez9wMyIhAHnW7n-OsR5zKTQFAT2-w0_r/pub til fimm ára hefur verið unnin. Árlega eru gert mat á skólabrag og mat á gæðum og árangri náms og kennslu. Gögn úr skólastarfinu sem nýtt eru við innra mat:

- Spurninga og viðhorfskannanir: nemendur, foreldrar, starfsfólk.
- Niðurstöður ýmis konar námsmats
- Framfarir nemenda (t.d. út frá læsisathugunum, samræmd prófum, námsmati skólans...)
- Starfsáætlun
- Fundargerðir.
- Ýmis konar skýrslur t.d. um ákveðin verkefni.
- Rýnihópar

Spurningalistar sem lagðir eru fyrir foreldra, kennara og nemendur hefur Patreksskóli þróað á nokkrum árum. Með þeim er leitað eftir viðhorfum og skoðunum á starfsemi skólans sem og könnuð líðan og starfsánægja. Þegar úrvinnsla listanna liggur fyrir eru niðurstöður kynntar hlutaðeigandi. Niðurstöður eru kynntar í skólaráði og á starfsmannafundi og að þeirri kynningu lokinni er gerð samantekt sem kynnt er á vef skólans. Allar kannanirnar eru nafnlausar og fá hlutaðeigandi sendar læsta slóð á

vefsvæði sitt til að svara könnuninni. Í innra mats skýrslu sem unnin verður í lok skólaársins verður ítarlega gerð grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum innra matsins.

Innra mat Patreksskóla hefur verið í algerrri endurskoðun í Patreksskóla þar sem stefnt er að því að innleiða Nýsköpunarlykilinn skólaárið 2022-2023. Með Nýsköpunarlyklinum fylgir gæðahandbók sem stýrir innra matinu, sniðmát og matslistar. Nánar verður gerð grein fyrir fyrirkomulagi innra matsins í starfsáætlun næsta árs. Innra matskýrsla fyrir núverandi skólaár tekur á matsþættinum Innra mat. Gert er ráð fyrir að verklag um innra mat verði komið í gott horf skólaárið 2022-2023.